

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Stykkishólms hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005 frá 22. apríl 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun norðan hesthúsasvæðis breytist úr iðnaðar- og athafnasvæði í opið svæði til sérstakra nota.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1995.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 381/1994, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1995 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,86.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1.000 kg skal greiða að auki kr. 3,80.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.993, né hærra gjald en kr. 18.915.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.185.

*Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1995.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

---

*Bergþór Magnússon.*